

Ársfundur SNS– fundargerð

12 ársfundur Samtaka náttúrustofa var haldinn á Hótel Reykjavík Centrum 7. nóvember 2013 í framhaldi af Náttúrustofuþing og hófst ársfundurinn kl. 16.00

Ingvar Atli Sigurðsson formaður setti fundinn og var Þorsteinn Sæmundsson kosinn fundarstjóri og Kristín Hermannsdóttir fundarritari.

1. Skýrsla stjórnar: Þorsteinn Sæmundsson flutti fyrri hluta af skýrslu – eða frá ársfundi og fram að áramótum (2 mánuðir). Aðalmálið sem unnið var að var að reka á eftir samningum á milli ráðuneytis og stofnana. Ingvar Atli Sigurðsson flutti svo síðari hluta skýrslunnar – Þónokkrir símafundir hafa verið haldnir á árinu, ályktun SNS um lög til Náttúruverndar var send í byrjun febrúar, fundur með umhverfisráðherra í byrjun mars um þróun frjárveitinga til Náttúrustofa og möguleg verkefni frá ríki. Í mars var send ályktun á umhverfisnefnd Alþingis vegna laga um náttúruvernd. Þann 20. mars var haldinn fundur í ráðuneyti með Jóni Geir. Formaður SNS hélt erindi á Ársfundi NÍ en einnig voru nokkur samskipti við Náttúrufræðistofnun með tölvupósti vegna bréfs SNS til þeirra sem bjóða sig fram til Alþingis. Fundur með NÍ og Umhverfisstofnun í ráðuneyti í lok maí. Fulltrúi fór frá SNS á málþing Vistfræðifélags Íslands og annar fulltrúi á fund um gróðurelda. Að síðustu hafa verið bréfaskriftir vegna námsleyfis starfsmanna. **(hér má setja með það sem Ingvar var með á blaði- en ég er ekki með það á tölvutæku formi)**
2. Afgreiðsla reikninga: Þorleifur Eiríksson gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum. Fyrst var tæknileg leiðrétting frá 2011. Samþykkt. Tap ársins 2012 var 285.456 kr, en heildarveltan var 351.908 kr. Eigið fé í árslok 2012 var 195.513 kr. Reikningar voru samþykktir.
3. Lagabreytingar: Fundarstjóri gerði tvær breytingartillögur. Að Náttúrustofa Suðausturlands verði bætt inn í lið b) en þar eru stofurnar allar taldar upp í aldursröð. Samþykkt. Að breyta nafni Náttúrustofu Reykjaness í Náttúrustofu Suðvesturlands í lið b). Samþykkt. Ný stjórn breytir lögnum eftir þessum samþykktum.
4. Kosning stjórnar: Núverandi stjórn situr til áramóta 2013-2014, en í henni sitja Ingvar Atli, Gunnar Þór og Þorkell Lindberg. Ný stjórn tekur við um áramót og í henni sitja Þorkell Lindberg (formaður), Róbert Arnar og Kristín.
5. Skipun í vinnuhópa:

- a. Vinnuhópur um gróðurelda – Hafdís Sturlaugsdóttir. Samþykkt.
- b. Vinnuhópur um vatnshlot – Þorleifur Eiríksson fyrir vatnasvæði 101. Samþykkt.
- c. Sex punktar um samstarf voru settir á blað og tilgreindir umsjónarmenn með hverjum punkti. (bæta því blaði hér við ! – er ekki með það). Umsjónarmenn koma með greinargerð til stjórnar fyrir áramót um stöðu og áframhald. Samþykkt.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga: Smári Haraldsson Ísafirði og Þuríður Sigurðardóttir Ísafirði voru klöppuð upp sem áframhaldandi skoðunarmenn.
7. Árgjald: Þorleifur lagði fram tillögu um að hver stofa greiddi 30.000kr eingreiðslu til SNS. Verður gjalddagi fljótlega. Samþykkt.
8. Önnur mál:
 - a. Breyta þarf heimasíðu SNS yfir í annað kerfi sem gerir öllum kleyft að breyta síðunni. Kostar 30.000 kr. Samþykkt.
 - b. Aðalfundur færður til apríl/maí. Samþykkt, en áréttað að stjórn og reikningar fylgja almannaksárinu.
 - c. Samþykkt viljayfirlýsing. SNS sjái um að sækja um Evrópustyki og hver stofa greiðir 1/8 af kostnaði við umsóknarvinnu með þeim fyrirvara að samkomulag náist um val verkefnis.
 - d. Ef lögfræðingur ÞS telur þörf á yfirlýsingu, þá vinnur SNS hana.
 - e. Fundurinn ályktar að skoða vandlega ráðningarmál forstöðumanna í ljósi þess sem gerðist á Sauðárkróki.
 - f. Ingvar og Þorkell láta forstöðumenn vita um fjólda þátttakenda og kostnað vegna ársfundar og náttúrustofufþings.

Fundi slitið kl: 16:55

Ingvar Atli Sigurðsson, formaður

Kristín Hermannsdóttir ritaði